

Föstudaginn 2. nóvember 1990.

Nr. 407/1989. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn

Kristófer Þorleifssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.).

Fjársvik. Brot í opinberu starfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal og Haraldur Henrysson, Arnljótur Björnsson prófessor og Gunnar M. Guðmundsson hæstaréttarlögmaður.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. september 1989. Hann gerir þessar dómkröfur: „Til viðbótar sakfellingu í héraðsdómi er krafist sakfellingar samkvæmt I. kafla ákæru og 2. og 4. tölul. II. kafla, þannig að summa í II. kafla, sem sakfelld er fyrir, hækki um kr. 2.322,85, þyngingar á refsingu og niðurfellingar á skilorði, — ennfremur, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði, þ.á m. til greiðslu sak-sóknar- og málsvarnarlauna, sem ákvörðuð verði jöfn, svo og alls áfrýjunarkostnaðar, þ.m.t. saksóknarlaun til ríkissjóðs hér fyrir rétti.“

Ákærði krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum ákærvalds og allur kostnaður sakarinnar felldur á ríkis-sjóð. Til vara krefst hann vægustu refsingar, sem lög frekast leyfa, að refsing verði ákveðin skilorðsbundin og sakarkostnaði skipt.

I.

Eftir að mál þetta var flutt fyrir Hæstarétti fyrra sinni, var með úrskurði 29. júní 1990 fyrirskipuð framhaldsrannsókn, sem fram fór í júlí 1990. Fram kom, að á þeim tíma, sem atvik máls þessa gerðust, voru eyðublöð þau, sem notuð voru við skráningu læknis-verka, í tvíriti: reikningur og samskiptaseðill. Á samskiptaseðil ber lækni að rita fyllri upplýsingar en fram koma á reikningi, en sjúkra-skrár voru færðar af ritara eftir samskiptaseðlum. Reikningar þeir, sem ákæra tekur til, hafa verið lagðir fram í málinu, en eru víða í gögnum þess ranglega nefndir samskiptaseðlar. Samskiptaseðlar

voru geymdir í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík. Við rannsókn þar fundust 274 samskiptaseðlar frá janúar 1987 og 280 frá september 1987, en reikningar ákærða þessa mánuði voru samkvæmt úttekt ríkisendurskoðunar 449 og 404.

Samskiptaseðlar vegna reikninga þeirra, er eftirtaldir liðir II. kafla ákæru taka til, fundust ekki: 2., 5., 6., 8., 10. (reikningur 20. janúar), 11., 12., 13., 15. (reikningur 20. janúar), 19., 20., 21., 23., 25., 29., 31., 33., 34. (reikningur 29. september), 37. (reikningur 22. september) og 42.

Ákærði fór yfir samskiptaseðla þá, sem fundust, ásamt Jóni K. Jóhannssyni, trúnaðarlækni Tryggingastofnunar ríkisins. Við athugun þeirra kom fram ósamræmi í sjúkraskrá, er varðar eftirtalda liði í II. kafla ákæru:

22. Læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 105, er skráð á seðil. Nafnritun sjúklings er á seðlinum.

24. Röntgenmyndataka er skráð á seðil.

27. Læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 105, er skráð á seðil.

30. Læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 294, er skráð á seðil.

32. Nafnritun vitnis er á samskiptaseðli, en ekki reikningi. Á seðilinn er skráð læknisverk, er svarar til gjaldskrárliðar 105.

39. Röntgenmyndataka er skráð á seðil.

41. Staðfest af móður sjúklings er viðtal á stofu 6. september og svarar til gjaldskrárliðar 103. Fyrst hefur verið ritað á seðilinn 5. september, en dagsetningu breytt í 6. september.

Sjúkraskrár reyndust í samræmi við aðra samskiptaseðla, er fundust og skoðaðir voru.

Ákærði heldur við fyrri framburð sinn um að hafa unnið öll þau læknisverk, er hann gerði reikning fyrir, þó að ekki komi fram upplýsingar um það á samskiptaseðlunum, enda að hans sögn ekki alltaf tími til að skrá allt.

II.

Í I. kafla ákæru er ákærða gefið að sök að hafa brotið gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 2. gr. reglugerðar um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál nr. 34/1964.

Á grundvelli verknaðarlýsingar í ákæru verður ákærði ekki sakfelldur fyrir brot gegn þessum ákvæðum. Ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms að því leyti.

Í II. kafla ákæru er ákært fyrir fjársvik og ákærði talinn hafa brotið gegn 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði heldur því eindregið fram, að hann hafi unnið öll þau lækniðverk, er hann gerði reikning fyrir og ákæra í máli þessu tekur til. Gagnstæður framburður vitna fær stoð í samskiptaseðlum, sem fundist hafa, og færslum í sjúkraskrár. Þar sem svo stendur á, þykir fram komin lögfull sönnun þess, að ákærði hafi gerst sekur um fjársvik. Þar sem hins vegar samskiptaseðlar hafa ekki fundist, þykir varhugavert að telja sjúkraskrá eina veita framburði vitna þá stoð, að nægi til sakfellingar. Samkvæmt þessu verður niðurstaða héraðsdóms um sekt ákærða staðfest, hvað varðar 1., 3., 7., 9., 16., 17., 18., 22., 24., 26., 28., 29.A, 30., 35., 38., 39. og 40. lið II. kafla ákæru, svo og hvað varðar 10. ákærulið um reikning frá 8. janúar 1987, 15. lið um reikning 21. janúar, 32. lið um gjaldskrárliði 272 og 301, 34. lið um reikninga frá 11. og 21. september, 37. lið um reikning 19. september og 41. lið um reikninga frá 4., 5. og 8. september og gjaldskrárlið 273 í reikningi, þar sem dagsetningu hefur verið breytt úr 5. í 6. september 1987. Fjárhæð sú, sem ákærði samkvæmt þessu verður sakfelldur fyrir að hafa svikið sér, nemur samtals 15.358,15 krónum. Af öðrum ákæruliðum II. kafla verður ákærði sýknaður.

IV.

Ákærði var skipaður heilsugæslulæknir við heilsugæslustöðina í Ólafsvík frá 1. júní 1975. Hann var jafnframt skipaður héraðslæknir Vesturlandslæknishéraðs frá 1. júlí 1978 til fjögurra ára og endurskipaður til þess starfs, uns sú skipun hans var felld niður frá og með 1. mars 1988. Hann var leystur frá störfum heilsugæslulækni frá og með 7. september 1988.

Við ákvörðun refsingar er haft í huga, að fjárhæðin, sem ákærði er sakfelldur fyrir að hafa svikið sér, er ekki há. Hins vegar ber að líta til þess, að með rangri reikningsgerð brást ákærði trausti, sem hann naut vegna náins trúnaðarsambands við þá, sem til hans leituðu um lækniþjónustu, en það setti því skorður, að komið yrði við hefðbundinni endurskoðun. Verður niðurstaða héraðsdóms um refsingu ákærða og skilorðsbindingu hennar staðfest, en upphaf skilorðstíma miðast við uppsögu þessa dóms.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um fjárhæð saksóknar- og málsvarnarlauna. Sakarkostnað í héraði greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu. Ákærði verður dæmdur til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristófer Þorleifsson, sæti fangelsi fjóra mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum þremur árum frá uppsögu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um fjárhæð saksóknar- og málsvarnarlauna er staðfest. Sakarkostnað í héraði greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Ákærði greiði 60.000 krónur í saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð og hálf málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem ákveðast alls 120.000 krónur. Annan áfrýjunarkostnað sakarinnar greiði ákærði að hálfu, en ríkissjóður að hálfu.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 8. september 1989.

Ár 1989, föstudaginn 8. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómsmála og Gísla G. Auðunssyni lækni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 407/1989: Ákærvaldið gegn Kristófer Þorleifssyni, sem tekið var til dóms 18. ágúst sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 28. september 1988, á hendur ákærða, Kristófer Þorleifssyni lækni, til lögheimilis að Birki- grund 49, Kópavogi, búsettum að Nya Kärnssjukhuset, Skövde, Skaraborgslän, Sviþjóð, fæddum 15. júlí 1946 í Vogum, Garðahreppi, fyrir fjársvik og brot í opinberu starfi sem heilsugæslulæknir við heilsugæslustöðina í Ólafsvík og héraðslæknir í Ólafsvíkurmðæmi í Vesturlandshéraði.

I.

Fyrir stórfellda vanrækslu við að halda lögboðnar sjúkraskrár (journala) yfir þá sjúklinga, sem til ákærða leituðu, og þau læknisverk, röntgengrein-

ingar og niðurstöður rannsókna, sem ákærði telur sig hafa unnið og ákærða var þá jafnframt skylt að skrá í sjúkraskrár, þannig að á tveimur afmörkuðum tímabilum, sem athuguð voru, janúar og september 1987, var um að ræða, eins og síðar greinir, ýmist engar færslur í sjúkraskrá viðkomandi sjúklings eða stórfellt misræmi var á milli færslna í sjúkraskrár og reikningsgerðar ákærða til viðkomandi sjúkrasamlaga, sjúkrasamlags Ólafsvíkur og sýslusamlags Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, á þann veg, að í sjúkraskrár viðkomandi sjúklunga voru færð önnur og minni háttar læknisverk en þau, sem ákærði sjálfum sér til ávinnings gerði áður nefndum sjúkrasamlögum reikning fyrir.

Samanburður á færslum í sjúkraskrár og reikningum frá ákærða til sjúkrasamlaganna leiddi í ljós eftirfarandi misræmi:

	<i>Fjöldi reikninga:</i>	<i>Engar færslur í sjúkraskrár:</i>	<i>Misræmi í færslum:</i>
<i>1987:</i>			
janúar	449	52	289
september	404	80	193
	853	132	482
Til frádráttar reikningar, „sam- skiptaseðlar“, sem í II. lið getur.	55	17	38
	798	115	444

Telst þetta varða við 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og 2. gr., sbr. 9. gr. reglugerðar um skýrslugerðir varðandi heilbrigðismál nr. 34, 1964.

II.

Fyrir fjársvik með því að hafa með röngum og tilbúnum reikningum fyrir læknisverk, röntgengreiningar og rannsóknir í sömu mánuðum 1987 orðið sér úti um greiðslur frá sjúkrasamlagi Ólafsvíkur með reikningum fyrir janúar, kr. 14.876,25, og fyrir september, kr. 18.007,50, og frá sýslusamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu með reikningum fyrir janúar, kr. 4.698,65, og fyrir september, kr. 4.942,50, eða samtals frá báðum sjúkrasamlögum kr. 42.524,90.

Verða hér á eftir tilgreindir reikningar, „samskiptaseðlar“, ákærða og nafngreindra sjúklunga ásamt kennitölum, dagsetningum, þeir röngu gjaldskrárliðir og þær fjárhæðir, sem ákærði hafði frá fyrrgreindum sjúkrasamlögum vegna hvers sjúklings.

Við meðferð málsins voru nokkrar tölur í ákæru vegna gjaldtöku fyrir röntgengreiningu lækkaðar, og verður ákæran nú rakin í endanlegri mynd sinni, en í upprunalegri ákæru var ákærði ákærður fyrir fjársvik, samtals að fjárhæð kr. 42.524,90.

I.	II.	III.	IV.	V.
<i>Nafn</i>	<i>Dag-</i>	<i>Gjaldskrá:</i>	<i>Sjúkra-</i>	<i>Sýslusamlag</i>
<i>sjúklings:</i>	<i>setning:</i>		<i>samlag</i>	<i>Snæfellsness- og</i>
<i>Kennitala</i>			<i>Ólafsvíkur:</i>	<i>Hnappadalssýslu:</i>
1. A	19.01	204, 301	309,75	
2. B	20.01	204, 301	744,15	
3. C	09.01	203, 301		
3 seðlar	13.01	203, 301		
	30.01	203, 301	929,25	
4. D	21.01	401, 402, 403, 407, 432, RTG 6	1.578,00	
5. E	20.01	410, 411, 412	392,35	
6. F	06.01	203, 301	309,75	
7. H	09.01	204, 301		309,75
8. J	21.01	203, 301	309,75	
9. K	09.01	203, 301	309,75	
10. L	08.01	401, 402, 403, 407, 432		
	20.01	401, 402, 403, 407, 432	1.404,20	
11. M	11.01	104, 204, 301	722,75	
12. Sama	10.01	104, 204, 301, RTG 3	1.157,75	
13. O	10.01	104, 204, 301	722,75	
14. P	16.01	503		185,85
15. Q	20.01	104, 204, 301		
	21.01	211	1.094,45	
16. S	23.01	203, 301		309,75
17. T	09.01	401, 402, 403, 407, 410, 411, 412, 432	929,25	
18. U	09.01	401, 402, 403, 407, 410, 411, 412	805,35	
19. V	10.01	104, 209, 301	867,30	

		1370		
20. X	10.01	104, 204, 301, RTG 3		1.151,15
21. Y	11.01	103, 104, 211, RTG 3		1.635,25
			Kr. 12.587,25	3.616,45
22. Z	05.09	105, 301, 273	871,50	
23. Þ	20.09	105, 301, 272	871,50	
24. Æ	07.09	273, 301,		
	08.09	RTG 6		1.592,00
25. Ö	03.09	153, 401, 402, 404, 405, 410, 421	546,00	
26. AA	07.09	245, 401, 402, 404, 405	336,00	
27. BB	05.09	105, 273, 301	357,00	
28. CC	25.09	103, 410, 421		210,00
29. DD	23.09	301, 243	126,00	
29.A EE	09.09	401, 402, 404, 405,		
	23.09	273, 301		693,00
30. FF	11.09	294, 401, 402, 404, 405		
	17.09	273, 301	693,00	
31. GG	07.09	105, 272, 301		871,50
32. HH	01.09	105, 272, 301	871,50	
33. JJ	05.09	273, 301	357,00	
34. LL	11.09	273, 301		
	21.09	273, 301		
	29.09	273, 301	1.071,00	
35. NN	22.09	278, RTG 3	1.061,00	
36. OO	07.09	243, 301	294,00	
37. PP	19.09	283, 304, RTG 3		
	22.09	103, RTG 3	3.098,50	
38. RR	23.09	103, 410, 421,	514,50	
39. SS	24.09	401, 402, 404, 405	336,00	
40. TT	01.09	401, 402, 404, 405, RTG 6	1.571,00	
41. UU	04.09	410, 421		
	05.09	273		
	05.09	103, 273		

	08.09	273, 301	1.029,00	
42. XX	22.09	272, 301	357,00	
			Kr. 14.025.50	3.702,50

Framanlýst atferli ákærða telst varða við 248. gr., sbr. 138. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III. Dómkröfur.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Áður en ákæra þessi var gefin út, óskaði ríkissaksóknari með bréfi, dagsettu 12. apríl 1988, með vísan til 2. mgr. 21. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála, eftir rökstuddri umsögn og tillögum heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins varðandi mál þetta, og samkvæmt svarbréfi ráðuneytisins, dagsettu 26. sama mánaðar, er niðurstaða þess, að óhjákvæmilegt sé, að málið hljóti umfjöllun á dómstólastigi.

Með bréfi, dagsettu 7. september 1988, var ákærði leystur frá störfum sem heilsugæslulæknir í Ólafsvík frá og með sama degi að telja.

Sakadómariinn fékk málið til meðferðar 24. janúar sl.

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 23. nóvember 1987, fór ríkisendurskoðun þess á leit við ríkissaksóknara, að fram færi opinber rannsókn á reikningsgerð ákærða í máli þessu á hendur sjúkrasamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu. Kemur fram í bréfinu, að ríkisendurskoðun hafi haft reikningsgerðina til athugunar og auk þeirrar stofnunar hafi unnið að athugininni fulltrúar Tryggingastofnunar ríkisins og Læknafélags Íslands. Hafi allir reikningar fyrir janúar- og septembermánuð 1987 verið bornir saman við sjúkraskrár viðkomandi sjúklinga, og hafi komið í ljós verulegt misræmi milli reikningsgerðar og sjúkraskrár og reikningar sýnt í mörgum tilvikum mun meiri þjónustu en skráð hafi verið í sjúkraskrár. Þá hafi komið í ljós, að ákærði hafi innheimt með reikningum fyrir ýmsa þjónustu, sem honum sé greitt fyrir sem heilsugæslulækni og hann eigi því ekki að krefja sjúkrasamlag um greiðslu fyrir. Einnig kom oft fram, að miðað við sjúkraskrár séu reikningar í engu samræmi við unnin verk, og sýni þeir t.d. allt önnur verk en lýsing læknis í sjúkraskrá segi til um.

Með bréfi þessu fylgdi skýrsla ríkisendurskoðunar um skoðun í heilsugæslustöð Ólafsvíkur dagana 18. til 20. nóvember sama ár.

Í skýrslu þessari segir, að ofangreinda daga hafi samskiptaseðlar (reikningar) frá ákærða verið bornir saman við sjúkraskrá sjúklinga í heilsu-

gæslustöðinni, og hafi verkið verið unnið af Jóni K. Jóhannssyni tryggingalækni, Sigurði Hermundssyni, deildarstjóra hjá ríkisendurskoðun, og Einar Jónssyni, fulltrúa við sömu stofnun. Hafi verkið verið unnið þannig, að Sigurður hafi lesið upp gjaldskrárliði af reikningum, Einar hafi merkt við á listum, en Jón staðfest, játandi eða neitandi, hvort sjúkraskrár sýndu sömu niðurstöður. Ákærði hafi farið yfir niðurstöður Jóns í hverju tilviki. Hafi verið bornir saman allir reikningar í janúar og september 1987, sem greiddir höfðu verið af sjúkrasamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, og niðurstöður orðið sem hér segir:

<i>Mánuðir</i>	<i>Heildarfjöldi reikn.</i>	<i>Spjaldskrá vantar</i>	<i>Samræmi</i>	<i>Ósamræmi</i>
Janúar	449	52	108	289
September	404	80	131	193
Alls	853	132	239	482

Algenzt sé, að reikningur sýni stutta vitjun til sjúklings, en sjúkraskrá skýri frá komu til læknis (viðtali á stofu). Telji ákærði í þessum tilvikum, að um sé að ræða mistök læknaaritara.

Þá sé algengt, að samskiptaseðlar sýni gjalddöku fyrir verk, sem sjúkraskrá læknis gefi ekki tilefni til. Sérstaklega eigi þetta við eftirtalda liði:

<i>Gjaldskrárliðir</i>	<i>Aðgerð</i>	<i>Einingar</i>
203	Skorið í djúpa ígerð	11
204	Smásár hreinsuð	11
210	Tekin útvortis æxli	11
301	Staðdeyfing	4
503	Ástunga	9

Verk þessi eiga við um janúar 1987.

Enn fremur sé algengt, að reikningur sé gerður fyrir hjartarit, án þess að niðurstöður af línuriti séu fyrir hendi í skrá læknis. Mikið ósamræmi sé milli reikninga fyrir liðstungur og sjúkraskrár. Séu reikningar yfirleitt fyrir liðstungur í mjaðmarlið, en sjúkraskrá greini aðra liði, sem færri einingar fáið fyrir. Varðandi röntgenmyndatökur segir í skýrslunni, að flestir reikningar fyrir þær séu með hærri gjaldskrárliðum en sjúkraskrárlýsing segi til um. Þá er í skýrslunni fjallað sérstaklega um ónæmisadgerðir, mæðravernd, ungbarnavernd og útgáfu vottorða vegna veikinda, ökuréttinda, atvinnuréttinda og örorku og slysavottorð. Segir í henni, að ónæmisadgerðir, mæðravernd og ungbarnavernd séu hluti af fastastarfi heilsugæslulæknis, sem ekki eigi að innheimta sérstaklega fyrir. Séu þess nokkur dæmi, að sjúkraskrá greini frá þessum læknisverkum, en reikningar sýni

önnur læknið, oftast vegna viðtals á stofu. Varðandi útgáfu vottorða segir, að gjald vegna þeirra sé greitt beint af atvinnurekanda vegna veikinda, af umsækjanda vegna ökuréttinda- og atvinnuréttindavottorða og af Tryggingastofnun ríkisins vegna örorku- og slysavottorða. Eru tekin 22 dæmi, þar sem sjúkraskrá segir til um, að ofangreind vottorð hafi verið gefin út, en sjúkrasamlag kafið greiðslu vegna annarra lækniðverka.

Þann 12. febrúar 1988 fór Egill Bjarnason rannsóknarlögreglumaður ásamt þeim Jóni K. Jóhannssyni tryggingalækni og Grétari N. Nikulássyni, fulltrúa hjá ríkisendurskoðun, í heilsugæslustöðina í Ólafsvík til þess að gera úrtak úr framangreindri skoðun ríkisendurskoðunar. Fór athuginin þannig fram, að Sigurður Baldursson, heilsugæslulæknir í Ólafsvík, og Jón K. Jóhannsson voru með sjúkraskrár undir höndum. Voru samskiptaseðlarnir og sjúkraskrárnar bornar saman með því, að læknarnir svöruðu fyrirspurnum um, hvort dagsetning komu á stofu og lækniðverk samkvæmt gjaldskrárnúmerum á samskiptaseðli stemmdu við sjúkraskrár, játandi eða neitandi. Segir í skýrslunni, að nokkurs misræmis hafi gætt í þessum samanburði, og t.d. hafi lækniðverk ekki verið skráð í sjúkraskrá samkvæmt því, sem fram kom á samskiptaseðli, eða önnur lækniðverk höfðu verið unnin samkvæmt sjúkraskrá en samskiptaseðill gaf til kynna.

Í tilefni af rannsókn á þessu úrtaki var 61 sjúklingur yfirheyrður af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins dagana 24. og 25. febrúar 1988. Staðfestu 19 samskiptaseðlana rétta, en 42 staðfestu ekki þau lækniðverk, sem skráð voru á seðlana, 20 í janúar og 22 í september. Er II. kafli ákærunnar reistur m.a. á yfirheyrslum þessum.

Allir þeir, sem upp eru taldir hér að framan og unnu að rannsókn málsins, hafa komið fyrir dóminn sem vitni, staðfest skýrslur sínar og gefið sjálfstæða skýrslu um verk sín.

I. kafli.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins gefið þá skýringu á því, að allar færslur á samskiptaseðlum hafi ekki verið færðar í sjúkraskrár, að annir hans hafi verið það miklar, að hann hafi ekki komist yfir færslurnar. Ákærði kveðst á þessum tíma hafa verið einn í tveggja lækna héraði. Tíð mannaskipti hafi verið á heilsugæslustöðinni og það tekið flesta ritarana, sem þar unnu, um eitt ár að lesa skrift ákærða, en samskiptaseðlarnir séu handskrifaðir. Þá hafi það verið þannig, ef um tíðar komur eða vitjanir til sjúklings var að ræða, jafnvel oftast en einu sinni á sólarhring, að þá hafi jafnvel ein færsla verið látin duga, þar sem annað þjóni engum tilgangi vegna upplýsinga í sjúkraskrá, sem ákærði kveðst fyrst og fremst hafa fært sem heilsufarsskrá, en ekki bókhaldsgagn vegna lækniðverka.

Varðandi skýringu á því, að reikningar sýni oft meiri þjónustu við sjúkl-

ing en skráð er í sjúkraskrá eða rannsóknarbækur heilsugæslustöðvarinnar, segir ákærði færslur oft hafa fallið niður vegna gleymsku, enda komið í ljós við athugun, að færslur, sem voru í rannsóknarbók, hafi ekki verið í sjúkraskrá, og auk þess hafi töluverður hluti samskiptaseðla verið ófrá-genginn og þar af leiðandi aldrei komist inn í sjúkraskrá.

Að því er varðaði skýringu á því, að sjúkraskrá vanti alveg um suma sjúklinga, en reikningar samkvæmt samskiptaseðli verið gerðir fyrir unnin læknisverk, kveður ákærði ákveðið hlutfall sjúkraskráa ávallt vera í umferð og að stórum hluta vegna þeirra, sem leita oft og þétt til læknis. Því takist ekki á stuttum tíma að tína til allar sjúkraskrár, þar sem þær geti verið í fórum annarra lækna heilsugæslustöðvarinnar, ritara eða annarra starfs-manna hennar.

Ákærði kveður það lengi hafa verið álitamál, hvaða störf væru fólgin í föstum launum heilsugæslulækna. Hafi það verið skoðun Tryggingastofnunar ríkisins, að allt heilsuverndarstarf væri innifalið í föstum launum. Verði þá að líta til þess, að við þessi störf fái heilsugæslulæknar yfirleitt dygga aðstoð hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra og hlutverk lækna aðeins fólgið í yfirumsjón með starfinu. Á síðustu misserum hafi heilsugæslulæknar í Ólafsvík orðið að vinna þessi störf algjörlega einir, þar sem ekki hafi verið til taks hjúkrunarfræðingar eða ljósmæður. Af þessum ástæðum kveður ákærði, að hann hafi talið sér heimilt að gera sjúkrasamlaginu reikninga fyrir mæðraskoðun og þær rannsóknir, sem henni tengist, svo og fyrir ungbarnaeftirlit, enda í báðum tilvikum oftast samhliða verið að gefa ráð eða veita meðferð við sjúkdómum. Víða sé mæðravernd og ungbarnavernd ekki í höndum heilsugæslulækna á viðkomandi heilsugæslustöðvum, heldur unnin af barnalæknum og kvensjúkdómafræðingum og þeim greitt sérstaklega fyrir þetta af sjúkrasamlaginu, án þess að föst laun viðkomandi heilsugæslulæknis séu skert. Með slíkri framkvæmd kveðst ákærði telja, að Tryggingastofnun ríkisins sé að viðurkenna greiðsluskyldu viðkomandi sjúkrasamlaga í umræddum tilvikum.

Ákærði hefur borið, að hann hafi unnið öll þau verk, sem á samskipta-seðlum greinir og hann hefur gert sjúkrasamlögum reikning fyrir.

Ákærði kveðst, jafnframt því að hafa verið heilsugæslulæknir, hafa verið héraðslæknir í Vesturlandshéraði. Kveður ákærði það hafa verið tímafrekt og varðandi laun verið metið sem 20% af launaflokki, sem sé 6 flokkum fyrir ofan launaflokk þann, sem heilsugæslulæknar taka laun samkvæmt.

Ákærði kveðst hafa farið í launalaust leyfi hinn 1. mars 1988, þ.e. eftir að mál þetta kom upp, og verið í því til 7. september sama ár, er honum hafi verið vikið úr starfi fyrirvaraðust.

Með bréfi dómsins, dagsettu 16. júní sl., var þess farið á leit við embætti landlæknis, að það upplýsti, eftir því sem tók væru á, hvernig mannhaldi

á heilsugæslustöðinni í Ólafsvík hafi verið háttað í janúar 1987 og misserið þar á undan svo og í september 1987. Enn fremur var óskað svars við því, hvort það væri venja við héraðslæknisembætti að færa allar skráningar á samskiptaseðla í sjúkraskrár, og að lokum, hvort annir hefðu verið það miklar í Ólafsvík á framangreindu tímabili, að ekki hefðu verið tók á því að halda sjúkraskrár með þeim hætti, sem gert er ráð fyrir í 2. gr. reglugerðar nr. 34, 1964.

Í svarbréfi landlæknis, dagsettu 15. ágúst sl., segir m.a., að það sé venja að færa færslur á samskiptaseðlum inn á sjúkraskrár, nema þar sem vinnufyrirkomulag sé með þeim hætti, að slíks gerist ekki þörf, t.d., ef læknir les ritara fyrir á segulband eða færir sjálfur upplýsingar beint inn á sjúkraskrá eða tölvu. Þá kemur fram, að miklar annir heilsugæslulækna geti tímabundið haft þau áhrif, að erfitt sé að færa skýrslur, svo að fullnægjandi sé. Ætla verði þó, að lækni sé nauðsynlegt engu að síður að færa sér til minnis með einhverjum hætti helstu atriði varðandi skoðun, greiningu og meðferð, þar sem oft sé um endurteknar komur sama sjúklings að ræða og því tímasparnaður og hagræði að því að halda skrá. Verði ekki séð af gögnum embættisins, að hægt sé að réttlæta stórfellda vanrækslu við að halda lögboðnar sjúkraskrár yfir þá sjúklinga, sem til ákærða leituðu í janúar og september 1987, en vert sé að benda á, að í janúar hafi um langt skeið verið læknað í starfi, skamman tíma í senn, í hinni stöðu heilsugæslulæknis og því ljóst, að meginþungi starfsins hafi hvílt á ákærða.

Niðurstaða.

Ákærði er í ákærukafla þessum ákærður fyrir brot gegn 139. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en þar er það atferli opinbers starfsmanns lýst refsivert að misnota stöðu sína sér eða öðrum til ávinnings eða til þess að gera nokkuð það, sem hallar réttindum einstakra manna eða hins opinbera.

Ekkert er fjallað um það í ákæru eða öðrum gögnum málsins, hvern ávinning ákærði á að hafa haft af þessari háttsemi sinni. Ákærði hefur haldið því fram, að hann hafi unnið öll þau verk, sem hann hefur gert reikninga fyrir, samkvæmt samskiptaseðlum, en ekki voru færð í sjúkraskrá, og gefið ýmsar skýringar á ósamræmi milli færslna á samskiptaseðla og í sjúkraskrár.

Þar sem ekki hefur verið sýnt fram á, hvern ávinning ákærði á að hafa haft af atferli því, sem hann er ákærður út af, þykir gegn neitun hans eigi komin fram lögfull sönnun um, að hann hafi gerst brotlegur við 139. gr. almennra hegningarlaga. Ber því að sýkna ákærða af broti gegn þeirri lagagrein.

Samkvæmt 2. gr. reglugerðar nr. 34, 1964, um skýrslugerðir varðandi

heilbrigðismál, sem sett var samkvæmt heimild í 14. gr. laga nr. 47, 1932, um lækningaleyfi og hafði stoð í 13. gr. læknalaga nr. 80, 1969, sem í gildi voru á þeim tíma, sem sakarefni það, sem hér er til umfjöllunar, tekur til, sbr. nú læknalög nr. 53, 1988, er skylt að halda dagbók (journal) við hvert sjúkrahús og sjúkraskýli eða aðra heilbrigðisstofnun yfir alla sjúklunga, er þar dveljast eða þangað leita, og skal þar skrá nafn hvers sjúklings, aldur, stöðu, heimilisfang, komudag og brottfarardag, heilsufars- og sjúkrasögu, niðurstöður læknisskoðunar og rannsókna, sjúkdómsgreiningu, meðferð, bæði lyflæknis- og handlæknismeðferð, og afdrif við burtför.

Samkvæmt skýrslu Jóns K. Jóhannssonar tryggingalæknis, Sigurðar Hermundssonar, deildarstjóra hjá ríkisendurskoðun, og Einars Jónssonar, fulltrúa við sömu stofnun, var heildarfjöldi reikninga ákærða til sjúkrasamlaga í janúar og september 1987 853. Samræmi var milli reikninga (samskiptaseðla) og sjúkraskráa í 239 tilvikum, en ósamræmi í 482 tilvikum. Þá vantaði í sjúkraskrár 132 færslur, sem voru á samskiptaseðlum. Samkvæmt þessu er misræmi milli færslna á samskiptaseðla og í sjúkraskrá, eða færslur vantar í sjúkraskrár í samtals 614 tilvikum af þeim 853 tilvikum, sem könnuð voru, en til frádráttar koma þau 55 tilvik, sem II. kafli ákærunnar snýst um, þannig að eftir standa 529 tilvik, þar sem um misræmi milli færslna eða vöntun er að ræða. Verk þetta hafa framangreindir menn, sem unnu að rannsókn málsins, staðfest við meðferð málsins, en ákærði var viðstaddur skoðunina og fór yfir niðurstöður hennar með Jóni K. Jóhannssyni tryggingalækni.

Ákærði er í ákærukafla þessum ákærður fyrir stórfellda vanrækslu við að halda lögboðnar sjúkraskrár (journala), svo að ýmist hafi um engar færslur í sjúkraskrá viðkomandi sjúklings verið að ræða eða stórfellt misræmi hafi verið á milli færslna í sjúkraskrár og reikningsgerðar ákærða til viðkomandi sjúkrasamlaga, á þann veg, að í sjúkraskrár viðkomandi sjúklunga hafi verið færð önnur og minni háttar læknisverk en þau, sem ákærði, sjálfum sér til ávinnings, hafi gert sjúkrasamlögunum reikning fyrir. Verður ákæran, að því er varðar framangreint reglugerðarbrot, eigi skilín á annan veg en þann, að verið sé að saka ákærða um að hafa eigi framið lögbrot með því að færa inn í sjúkraskrár verk, sem hann hafi eigi unnið. Þykir þar af leiðandi, eins og ákæru er háttað, einnig bera að sýkna ákærða af því að hafa brotið gegn 2. gr. reglugerðar nr. 34, 1964, með háttsemi þeirri, sem lýst er í ákærukafla þessum.

II. kafli.

Verður nú gerð grein fyrir hverjum einstökum lið ákærukafla þessa. Ákærði hefur í öllum tilvikum borið, að hann hafi unnið þau læknisverk,

sem greinir á samskiptaseðlum og hann hefur gert sjúkrasamlögum reikning fyrir.

1. Samkvæmt samskiptaseðli ákærða hefur hann í þessu tilviki hreinsað smásár á sjúklingnum og saumað og jafnframt staðdeyft hann. Í sjúkraskrá er ekkert getið um þessi læknisverk. Vitnið A hefur borið, að það hafi einu sinni verið deyft, og hafi það verið í kringum árið 1980, en það hafi hins vegar aldrei verið saumað. Kveðst vitnið því ekki hafa verið deyft eða saumað hinn 19. janúar 1987.

2. Samskiptaseðill ber með sér í þessu tilviki, að smásár hafi verið hreinsað og saumað og einnig hafi verið framkvæmd staðdeyfung og röntgenmynd tekin. Í sjúkraskrá er aðeins getið um, að sjúklingurinn hafi komið í viðtal á stofu. Vitnið B kveðst greint sinn hafa farið til ákærða vegna verkja fyrir brjósti. Hafi stúlka tekið af honum hjartalínurit, og þá hafi einnig verið tekið blóð úr vitninu til rannsóknar. Kannast vitnið alls ekki við að hafa verið deyft umrætt sinn eða smásár á því verið hreinsað og saumað. Þá kannast vitnið ekki heldur við, að tekin hafi verið af því röntgenmynd.

3. Allir þrír samskiptaseðlarnir í þessum lið greina frá því, að skorið hafi verið í djúpa ígerð og að í öllum tilvikum hafi einnig verið framkvæmd staðdeyfung. Í sjúkraskrá eru einungis viðtöl á stofu skráð. Vitnið C kveðst á þessum tíma hafa leitað til ákærða vegna eyrnabólgu. Í fyrsta skiptið hafi ákærði skoðað vitnið, en ekkert frekar unnt að gera, nema ef vera kynni, að hann hafi gefið vitninu lyfseðil fyrir einhverju smyrslu í eyrun. Í annað skiptið hafi ákærði skolað út eyrnamerg með sogröri, og í þriðja skiptið kveðst vitnið hafa komið í eftirlit út af þessu að beiðni ákærða. Kveðst vitnið aldrei hafa verið deyft greind sinn, og þá hafi heldur aldrei verið skorið í ígerð.

4. Samskiptaseðill greinir frá því í þessu tilviki, að blóðsýni hafi verið tekið til rannsóknar, hjartalínurit hafi verið tekið og einnig tekin röntgenmynd. Ekkert er getið um þessi læknisverk í sjúkraskrá. Vitnið D kveðst greint sinn hafa farið til ákærða til þess að fá læknisvottorð vegna skipstjórnarréttinda og minnst þess ekki, að þau læknisverk, sem á samskiptaseðli greinir, hafi verið unnin. Við yfirheyrslu hjá lögreglu treysti vitnið sér ekki til að fullyrða um þetta, þótt það myndi ekki eftir, að þessi læknisverk hefðu verið unnin.

5. Hér greinir frá því á samskiptaseðli, að fram hafi farið almenn þvag-rannsókn, þvagsmásjárskoðun og þvagræktun. Ákærði segir móður sjúklings hafa komið með þvagsýnið daginn eftir. Í sjúkraskrá er ekkert getið um þetta tilvik. Vitnið E kveðst hafa leitað til ákærða í janúar 1987 til að fá augnvottorð vegna ökuþrófs og kveðst alls ekki hafa látið ákærða í té þvag til rannsóknar á þessum tíma og reyndar hvorki fyrr né síðar.

Þá kveður vitnið útilokað, að móðir þess hafi komið þvagsýni fyrir sig til ákærða.

6. Samskiptaseðill greinir frá viðtali á stofu, staðdeygingu og skurði í djúpa ígerð. Sjúkraskrá getur ekkert um þessi verk. Vitnið F kveðst greint sinn hafa farið með son sinn, G,, í venjulegt ungubarnaeftirlit til ákærða, og hafi sonur sinn hvorki verið deyfður né heldur skorið í djúpa ígerð á honum, og hafi það reyndar ekki verið gert hvorki fyrr né síðar.

7. Samkvæmt samskiptaseðli hefur verið framkvæmd staðdeyging og smásár hreinsuð og saumuð. Ákærði kveður sár á höfði sjúklingsins eftir fall hafa verið saumað. Sjúkraskrá varðandi sjúkling þennan fannst ekki á heilsugæslustöðinni. Vitnið H kannast við að hafa farið með fósturson sinn, I,, til ákærða umræddan dag, en mundi ekki nákvæmlega, af hvaða tilefni það var. Kveðst vitnið vissst um, að I hafi aldrei verið saumaður á höfði eða deyfður vegna sárs þar. Jafnframt kveðst vitnið ekki vita til þess, að drengurinn hafi nokkurn tímann verið saumaður.

8. Á samskiptaseðli greinir, að fram hafi farið viðtal á stofu, staðdeyft hafi verið og skorið í djúpa ígerð. Sjúkraskrá varðandi sjúkling þann, sem um er að ræða í þessu tilviki, fannst ekki á heilsugæslustöðinni. Við yfirheyrslu hjá lögreglu lá einnig frammi samskiptaseðill frá 20. janúar 1987, en hann fylgdi ekki gögnum málsins, þannig að ekki er ljóst í máli þessu, hvaða læknisverk voru skráð á þann seðil. Vitnið J kannast við að hafa leitað tvisvar til ákærða í janúar 1987 vegna tviburabróður. Í fyrra skiptið hafi vitnið verið deyft og stungið hafi verið á ígerðinni, en í hið seinna hafi eingöngu verið skipt um umbúðir. Staðfestir vitnið því fyrri samskiptaseðilinn, en ekki þann, sem ákært er út af í þessum lið.

9. Samkvæmt samskiptaseðli hefur í þessu tilviki verið farið í stutta vitjun og staðdeyft og skorið í djúpa ígerð. Undirskrift sjúklings vantar á þennan samskiptaseðil. Í sjúkraskrá er skráð stutt vitjun. Vitnið K kveðst hafa fengið öngul í fingurinn í róðri þann 9. janúar 1987. Kveðst vitnið hafa farið til ákærða á heilsugæslustöðina um kvöldið sama dag, eftir að hafa náð símasambandi við ákærða þar. Vitnið kveðst sjálft hafa náð önglinum úr fingrinum. Ákærði hafi skoðað fingurinn og látið vitnið hafa einhver fúkkalyf í töfluformi. Er vitnið vissst um, að þetta hafi verið það eina, sem ákærði gerði, og jafnframt er það öruggt um, að hann hafi hvorki staðdeyft sig né skorið í sárið.

10. Á samskiptaseðlum þessum eru skráðar ýmsar blóðrannsóknir og einnig hjartalínurit í báðum tilvikum. Í sjúkraskrá eru einungis skráð viðtöl á stofu. Vitnið L kveðst hafa leitað tvisvar til ákærða í janúar 1987. Er vitnið vissst um, að ákærði hafi ekki tekið hjartalínurit af vitninu greind skipti og þá hafi hann ekki heldur tekið því blóð til rannsókna í þeim mánuði. Vitnið hafði hjá lögreglu kannast við nafnritun sína á

þrjá samskiptaseðla, en einungis er ákært út af tveimur þeirra í máli þessu.

11. Samkvæmt samskiptaseðli þessum hefur verið farið í stutta vitjun og smásár hreinsað og saumað og jafnframt staðdeyft. Á samskiptaseðil þennan vantar undirskrift sjúklings. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið M kveður ákærða hvorki hafa deyft sig né saumað á sér sár, og sé reikningurinn tilbúningur ákærða.

12. Á samskiptaseðli þessum er skráð, að farið hafi verið í stutta vitjun til sjúklings, smásár verið hreinsað og saumað og jafnframt staðdeyft og auk þess hafi röntgenmynd verið tekin. Undirskrift sjúklings eða forsjármanns hans vantar á seðil þennan. Í sjúkraskrá er ekkert skráð um þessi læknisverk. Vitnið M kveður, að ákærði hafi hvorki komið heim til vitnisins né það farið með dóttur sína, N,, til ákærða og ákærði deyft hana, saumað sár á henni eða röntgenmynd verið tekin af henni í janúar 1987. Kveður vitnið, að síðast hafi verið saumað sár á dóttur þess, er hún hafi verið rúmlega fjögurra ára, og hafi það verið gert í Stykkishólmi.

13. Samskiptaseðill greinir frá stuttri vitjun, þar sem smásár hafi verið hreinsað og saumað og jafnframt staðdeyft. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðilinn. Í sjúkraskrá er ekkert skráð um þetta. Vitnið O kveðst ekki hafa leitað til læknis í janúar 1987, og hafi því ekki verið búið um sár á því, það hreinsað eða saumað eða vitnið deyft af því tilefni. Hafi vitnið reyndar ekki sætt slíki læknismedferð það ár, hvorki heima hjá sér né í heilsugæslustöðinni í Ólafsvík.

14. Samkvæmt samskiptaseðli þessum hefur m.a. verið stungið á brjósthol sjúklings. Í sjúkraskrá er skráð viðtal á stofu. Ákærði kveður, að í þessu tilviki hafi sér orðið á mistök með því að merkja við á röngum stað. Hafi verið um að ræða liðástungu í axlarlið, en ekki brjóstholsástungu. Vitnið P kannast við að hafa farið til ákærða hinn 16. janúar 1987 vegna ígerðar undir nögl á stóru tá hægri fótar. Kveðst vitnið hafa verið staðdeyft og nöglin fjarlægð að því loknu. Kannast vitnið ekki við, að stungið hafi verið á brjósthol þess greint sinn. Vitnið man til þess, að stungið hafi verið á hnjálið þess áður, en það hafi ekki verið í þetta skipti.

15. Á samskiptaseðlinum frá 20. janúar 1987 greinir frá stuttri vitjun kl. 23.20, hreinsun og saumi smásárs og staðdeyfigu, og samskiptaseðillinn frá 21. janúar sama ár ber með sér, að búið hafi verið um brot á fram- eða upphandlegg. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðil þennan. Ekkert er skráð í sjúkraskrá varðandi samskiptaseðilinn frá 20. janúar 1987, en viðtal á stofu varðandi samskiptaseðilinn frá 21. sama mánaðar. Vitnið Q kannast við að hafa farið með son sinn, R,, til ákærða einu sinni í janúarmánuði vegna meiðsla á fæti. Kveður vitnið ákærða hafa tekið röntgenmynd af fætinum, en ekki framkvæmt nein önnur læknisverk.

Kveður vitnið engan umbúnað hafa verið settan á fótinn, enda sonur sinn aldrei brotnað. Hann hafi einu sinni verið deyfður og saumaður, og hafi hann þá verið þriggja eða fjögurra ára. Vitnið kannast alls ekki við að hafa leitað til ákærða með son sinn seint að kvöldi 20. janúar 1987.

16. Samskiptaseðill greinir hér frá staðdeyfinu og að skorið hafi verið í djúpa ígerð. Í sjúkraskrá er skráð viðtal á stofu. Vitnið S kveðst hafa slasast um borð í bát hinn 20. janúar 1987. Kveðst vitnið hafa farið til ákærða, sem hafi saumað saman skurð á hægri hné vitnisins og jafnframt sett gips utan um fótinn. Kveðst vitnið hafa farið til ákærða þremur dögum seinna og hann þá skipt um umbúðir á sárinu, en ekki gert neitt annað.

17. Samkvæmt samskiptaseðli þessum hafa verið framkvæmdar ýmsar blóðrannsóknir og þvagrannsóknir og hjartalínurit tekið. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið T kveðst hafa leitað til ákærða 9. janúar 1987 til að fá læknisvottorð vegna skipstjórnarréttinda. Hafi ákærði mælt blóðþrýsting, sjón og litarskynjun og þetta verið hið eina, sem ákærði gerði. Kveður vitnið alls ekki hafa verið tekið úr sér blóðsýni eða það látið í té þvagsýni eða þá tekið af því hjartalínurit.

18. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, er þennan ákærulið varðar, voru unnin sömu læknisverk og í ákærulið 17 greinir, að því undanskildu, að í þessu tilviki hefur hjartalínurit ekki verið tekið. Í sjúkraskrá er ekkert getið um þessi læknisverk. Vitnið U kannast við að hafa farið til ákærða umræddan dag til að fá læknisvottorð vegna skipstjórnarréttinda. Hafi ákærði prófað sjón, heyrn og litarskynjun. Kannast vitnið alls ekki við að hafa látið í té blóð- eða þvagsýni til rannsókna greint sinn. Kveðst vitnið hafa greitt fyrir vottorð þetta.

19. Samskiptaseðill í þessu tilviki ber með sér, að farið hafi verið í stutta vitjun, þar sem aðskotahlutir hafi verið teknir djúpt úr holdi og jafnframt staðdeyft. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðilinn. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið V kveður, að aðskotahlutir hafi aldrei verið teknir úr holdi sínu, og kannast því ekki við, að slíkt hafi verið gert hinn 10. janúar 1987. Vitnið kveður það geta verið, að það hafi leitað til ákærða þennan dag vegna baðmullar, sem farið hafi af eyrnapienna og orðið eftir í eyra vitnisins. Hafi ákærði þá verið staddur á heilsugæslustöðinni og kippt baðmullinni út með tóng, en ekki gert neitt annað.

20. Samkvæmt samskiptaseðli í þessu tilviki hefur verið farið í stutta vitjun, smásár hreinsuð og saumuð og jafnframt staðdeyft og einnig tekin röntgenmynd. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðil þennan. Ekkert er skráð um þessi verk í sjúkraskrá. Vitnið X kannast ekki við að hafa komið til Ólafsvíkur hinn 10. janúar 1987 og kvatt ákærða á heilsugæslustöðina þar í bæ vegna sárs og að ákærði hafi þar deyft sig, búið um og saumað sár á vitninu. Þá kannast vitnið ekki heldur við, að röntgenmynd

hafi verið tekin af því greint sinn. Vitnið tók fram, að það hefði aldrei verið saumað vegna sárs.

21. Á samskiptaseðli er skráð viðtal á stofu, stutt vitjun, búið hafi verið um brot á fram- eða upphandlegg, plexusdeyfing og röntgenmynd. Undirskrift sjúklings vantar á seðilinn. Ekkert er skráð í sjúkraskrá um þetta. Vitnið Y kannast ekki við að hafa leitað til læknis hinn 11. janúar 1987 og neitar því alfarið (sic), að umrædd læknisverk hafi verið unnin. Vitnið kveðst hafa handarbrotnað um sumarið 1987, og hafi ungur læknir þá tekið á móti vitninu og sett á það gipsumbúðir.

22. Samskiptaseðill í þessu tilviki greinir frá stuttri vitjun, minni háttar staðdeyfingu og skurði í ígerðir. Undirskrift sjúklings vantar á seðilinn. Í sjúkraskrá er einungis getið um stutta vitjun. Vitnið Z kveður ákærða hvorki fyrr né síðar hafa deyft sig eða skorið í ígerð á vitninu í framhaldi af deyfingu.

23. Samkvæmt samskiptaseðlinum í þessu tilviki hefur verið farið í stutta vitjun kl. 2.30 aðfaranótt 20. september 1987, minni háttar staðdeyfing verið framkvæmd og saumað minni háttar sár. Undirskrift sjúklings vantar á samskiptaseðilinn. Ekkert af þessu er skráð í sjúkraskrá. Vitnið Þ kannast hvorki við það að hafa leitað til ákærða á heilsugæslustöðina í Ólafsvík eða að ákærði hafi komið heim til vitnisins kl. 2.30 aðfaranótt 20. september 1987. Kveður vitnið ákærða aldrei hafa saumað það eða deyft, og minnir vitnið reyndar, að það hafi ekki verið í Ólafsvík í september 1987.

24. Fyrri samskiptaseðillinn greinir frá því, að skorið hafi verið í ígerðir, minni háttar staðdeyfing verið framkvæmd og röntgenmynd verið tekin. Á hinum síðari er getið um röntgenmyndatöku. Auk þess er viðtal tilgreint á báðum seðlunum. Í sjúkraskrá er viðtal skráð í bæði skiptin, en annað ekki. Vitnið Æ kveðst hafa verið skorið upp á fótum í lok ágúst 1987. Kannast vitnið við að hafa komið tvo daga í röð til ákærða í næsta mánuði á eftir. Í fyrra skiptið hafi ákærði skoðað vitnið á Hellissandi, en hið síðara í Ólafsvík samkvæmt boðun ákærða. Kveður vitnið ákærða hafa tekið sauminn úr skurðinum í fyrra skiptið, og í síðara skiptið hafi hann tekið röntgenmynd af vitninu. Ákærði hafi í hvorugt skiptið deyft vitnið eða skorið í ígerð á því.

25. Samkvæmt samskiptaseðli hefur farið fram viðtal á stofu, ýmsar blóðmeinarannsóknir verið framkvæmdar, þvag skoðað í smásjá og bakteríuræktun og næmispróf gert. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið Ö kveðst umrætt skipti hafa farið til ákærða til að fá augnvottorð vegna endurnýjunar ökuskirteinis. Enn fremur hafi ákærði mælt blóðþrýsting að beiðni vitnisins. Er vitnið visst um, að því hafi ekki verið tekið blóð greint sinn, og þá hafi það ekki heldur látið í té þvag til rannsókna.

26. Samskiptaseðill ber með sér, að viðtal hafi farið fram, hjartarit hafi verið tekið og ýmsar blóðmeinarannsóknir verið framkvæmdar. Í sjúkraskrá er viðtal skráð, en annað ekki. Vitnið AA kannast ekki við, að ákærði hafi tekið því blóð til rannsókna árið 1987, og minnst þess reyndar ekki, að hann hafi nokkurn tímann gert slíkt. Vitnið þorir ekki að fullyrða um, hvort ákærði hafi einhvern tímann tekið af sér hjartalínurit, en man þó ekki til þess, að hann hafi gert það hinn 7. september 1987.

27. Á samskiptaseðli greinir frá stuttri vitjun, skurði í ígerðir og minni háttar staðeyfingu. Á samskiptaseðilinn vantar undirskrift sjúklings. Í sjúkraskrá er einungis skráð viðtal. Vitnið BB kannast við að hafa farið á heilsugæslustöðina í Ólafsvík hinn 5. september 1987 vegna kýlis á hálsi. Hafi ákærði verið staddur þar og skorið í kýlið og tekið sýni. Í framhaldi af því hafi ákærði ákveðið að senda vitnið til Reykjavíkur til frekari meðferðar. Minnir vitnið, að ákærði hafi deytt sig, áður en hann skar í kýlið, en man ekki, hvort það hafi kallað ákærða út vegna þessa eða farið beint á heilsugæslustöðina.

28. Á samskiptaseðli er skráð viðtal, smásjárskoðun á þvagi og bakteríurannsókn og næmispróf. Ekkert er skráð um þetta í sjúkraskrá. Vitnið CC kveðst hafa leitað til ákærða greint sinn til að fá augnvottorð vegna ökuskirteinis. Vitnið kveður ákærða hafa prófað sjón sína með því að láta það lesa bókstafi af spjaldi. Kannast vitnið alls ekki við að hafa látið í té þvag til rannsókna umrætt sinn og kannast ekki við að hafa nokkurn tímann haft óþægindi í þvagfærum.

29. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, er hér um ræðir, hefur verið framkvæmd minni háttar staðeyfing og inndæling í sina- og vöðvafestur verið gerð auk viðtals. Í sjúkraskrá er einungis skráð viðtal. Vitnið DD kveðst umrætt sinn hafa farið til ákærða, og hafi hann sprautað það í vöðva yfir mjóðm. Kveður vitnið, að um hafi verið að ræða getnaðarvarnasprautu, sem vitnið fari í á þriggja mánaða fresti. Vitnið kveðst ekki hafa verið deytt greint sinn. Vitnið kveðst tvisvar eða þrisvar hafa fengið töflur vegna vöðvabólgu, en aldrei verið sprautað vegna hennar.

29 A. Á samskiptaseðilinn frá 9. september 1987 er skráð viðtal og ýmsar blóðmeinarannsóknir auk röntgenmyndatöku, en á seðilinn frá 23. sama mánaðar er skráð viðtal, minni háttar staðeyfing og skurður í minni háttar ígerðir. Í sjúkraskrá er í báðum tilfellum einungis skráð viðtal. Vitnið EE staðfestir, að það hafi komið til ákærða hinn 9. september 1987 vegna tognunar í öxl. Hafi ákærði sprautað inn í liðinn og tekið röntgenmynd. Engin blóðrannsókn hafi á hinn bóginn átt sér stað. Varðandi tilvikið þann 23. september staðfestir vitnið viðtal við ákærða þann dag, en kannast ekki við að hafa þá verið deytt eða skorið hafi verið í ígerð á vitninu.

Í ákæru eru tilgreindir tveir samskiptaseðlar hinn 9. september 1987 og

þrír þann 23. sama mánaðar, en í málinu liggja einungis frammi tveir samskiptaseðlar, einn í hvoru tilviki.

30. Samkvæmt samskiptaseðlinum frá 11. september 1987 hefur sjúkl-ingurinn komið í viðtal, framkvæmd hefur verið gyn. skoðun og ýmsar blóðmeinarannsóknir verið gerðar. Á samskiptaseðilinn frá 17. september sama ár er skráð viðtal, minni háttar staðdeyfing og skurður í minni háttar ígerð. Í sjúkraskrá er einungis viðtal skráð í báðum tilvikum. Varðandi fyrra tilvikið kannast vitnið FF við að hafa greint sinn komið til ákærða, sem hafi gert á því gyn. skoðun. Hins vegar fullyrðir vitnið, að engin blóð-rannsókn hafi verið gerð. Að því er varðar síðari seðilinn, kveður vitnið, að í það skipti hafi ákærði einungis tekið saum úr frekar litlum skurði, en ekki gert annað. Hann hafi því ekki deytt vitnið eða skorið í ígerð á því.

31. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir stutta vitjun, minni háttar stað-deyfigu og að saumað hafi verið minni háttar sár. Undirskrift sjúklings vantar á seðilinn. Í sjúkraskrá er ekkert skráð. Vitnið GG kannast alls ekki við að hafa verið deytt eða saumað þann 7. september 1987 og kveðst reyndar ekki hafa verið saumað, síðan það var sex ára gamalt.

32. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, sem hér um ræðir, hefur ákærði farið í stutta vitjun og saumað minni háttar sár og jafnframt framkvæmt minni háttar staðdeyfigu. Á samskiptaseðilinn vantar undirskrift sjúkl-ings. Í sjúkraskrá er skráð stutt vitjun. Vitnið HH kannast hvorki við að hafa kvatt ákærða til starfa og farið með dóttur sína, II,, á heilsu-gæslustöðina í Ólafsvík þann 1. september 1987 né að ákærði hafi komið heim til vitnisins vegna hennar þann dag og að hann hafi þá deytt stúlkuna eða saumað á henni sár. Kveður vitnið umrædda dóttur sína einu sinni hafa verið saumaða, en þá hafi hún verið tveggja ára.

33. Samskiptaseðillinn í þessu tilviki ber með sér, að farið hafi verið í stutta vitjun, saumuð minni háttar sár, jafnframt því að framkvæmd hafi verið staðdeyfing. Í sjúkraskrá er einungis skráð viðtal. Vitnið JJ kannast við að hafa farið með son sinn, KK,, á heilsugæslustöðina í Ólafsvík hinn 5. september 1987, en kveður nefndan son sinn aldrei hafa verið deyfð-an eða skorið í ígerð á honum. Vitnið rekur minni til þess að hafa farið einu sinni með umræddan son sinn til ákærða vegna skurðar í augabrún, og hafi það líklega verið í október 1987. Kveður vitnið ákærða hafa klemmt skurðinn saman með sérstökum plástri.

34. Á öllum þremur samskiptaseðlunum í þessum lið er skráð viðtal, minni háttar staðdeyfing og skurður í ígerðir. Í sjúkraskrá er í tveimur fyrri tilvikunum skráð viðtal, en ekkert er skráð um þriðja tilvikið. Ákærði kvaðst við meðferð málsins vilja leiðrétta gjaldskrárliði á samskiptaseðlum þessum og kvað í stað gjaldskrárliðar 273 eiga að koma gjaldskrárlið 294. Vitnið LL kannast við að hafa leitað til ákærða í umrædd þrjú skipti.

Í öllum tilvikum kveður vitnið, að ákærði hafi borið á sig krem vegna vírusar, en ekki gert annað. Kannast vitnið alls ekki við, að ákærði hafi deytt það í greind skipti eða skorið í ígerðir á vitninu.

35. Samkvæmt samskiptaseðli í þessu tilviki hefur sjúklingur komið í viðtal, settar hafa verið á hann gifsumbúðir og röntgenmynd tekin. Í sjúkraskrá er viðtal einungis skráð. Vitnið MM kveðst hafa leitað til ákærða með son sinn, N,, vegna eymsla í hálsi. Kveður vitnið ákærða hafa skoðað drenginn og sett á hann hálskraga, en ekkert annað gert. Kveður vitnið drenginn aldrei hafa verið settan í gifs. Vitnið kveður röntgenmynd aldrei hafa verið tekna af drengnum í viðurvist vitnisins. Kveðst vitnið ekki þora að fullyrða um, hvort það hafi einhvern tímann verið gert, en það hafi þó örugglega ekki verið gert á árinu 1987.

36. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir viðtal, minni háttar staðdeygingu og inndælingu í sina- og vöðvafestur. Í sjúkraskrá er viðtal einungis skráð. Vitnið OO staðfesti umrætt viðtal hjá lögreglu, en ekki annað á seðlinum. Kvað vitnið ekki hafa verið framkvæmda inndælingu í sina- og vöðvafestur og vitnið ekki verið deytt í þessu viðtali. Vitnið lést, áður en dómsmeðferð máls þessa hófst.

37. Á samskiptaseðilinn frá 19. september 1987 er skráð viðtal, intravenös deyfing, að brot hafi verið sett án skurðar og gifsað og röntgenmynd verið tekin. Á seðilinn frá 22. sama mánaðar er skráð viðtal og taka röntgenmyndar. Á báða seðla vantar undirskrift sjúklings eða forsjáraðila hans. Í sjúkraskrá er skráð viðtal varðandi fyrra tilvikið, en ekkert skráð varðandi hið síðara. Vitnið PP kannast við að hafa farið með son sinn, QQ,, á heilsugæslustöðina í Ólafsvík að kvöldi hins 19. september 1987, eftir að hafa hringt í ákærða, sem hafi sagt vitninu að koma með drenginn á heilsugæslustöðina. Kveður vitnið son sinn hafa kvartað undan verk í hálslið og ákærði sett hann í hálskraga, en ekki gert neitt annað. Varðandi síðari samskiptaseðilinn man vitnið ekki til þess að hafa farið aftur með drenginn til ákærða út af þessu sama, en kveður það geta verið. Vitnið er þó visst um, að engin röntgenmynd hafi verið tekin af drengnum í greint skipti.

38. Samkvæmt samskiptaseðli þeim, er hér um ræðir, hefur átt sér stað viðtal, smásjárskoðun á þvagi og bakt. almenn ræktun og næmispróf. Á samskiptaseðilinn vantar undirskrift sjúklings. Í sjúkraskrá er skráð viðtal og gravindex (vegna lækninga). Vitnið RR kveður ekkert af þeim verkum, sem á samskiptaseðli greinir, hafa verið unnið. Kannast vitnið ekki við að hafa látið ákærða í té þvagsýni greint sinn og kveðst ekki hafa farið með slíkt í neinum tilgangi á þessu tímabili. Kveðst vitnið aldrei hafa leitað til ákærða vegna óþæginda í þvagfærum og man ekki heldur til þess að hafa farið í þungunarpróf á þessu tímabili.

39. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir viðtal, ýmsar blóðmeinarann-

sóknir og röntgenmyndatöku 6. fl. Í sjúkraskrá er skráð viðtal og röntgenmyndataka 5. fl. Vitnið SS staðfestir, að þau læknisverk, sem á samskiptaseðli greinir, hafi verið unnin að undanskildum blóðrannsóknunum. Kveður vitnið sér aldrei hafa verið tekið blóð til rannsóknar.

40. Í þessu tilviki sýnir samskiptaseðill viðtal, ýmsar blóðmeinarannsóknir og röntgenmyndatöku. Í sjúkraskrá er viðtal einungis skráð. Vitnið TT man eftir að hafa leitað til ákærða í byrjun september 1987. Kveður vitnið ákærða einungis hafa skoðað fætur sína og ætlað að panta tíma fyrir vitnið hjá sérfræðingi í Reykjavík. Vitnið er öruggt um, að ákærði hafi ekki tekið því blóð til rannsókna og þá hafi hann ekki heldur tekið röntgenmynd af vitninu.

41. Samkvæmt samskiptaseðlinum frá 4. september 1987 hefur átt sér stað viðtal, smásjárskoðun á þvagi og bakt. almenn ræktun og næmispróf. Þá liggja frammi í málinu tveir samskiptaseðlar frá 5. september sama ár og einn frá 8. sama mánaðar. Samskiptaseðlarnir frá 5. september sýna báðir viðtal og skurð í ígerðir. Samskiptaseðillinn frá 8. sama mánaðar sýnir einnig viðtal og skurð í ígerðir, en að auki minni háttar staðdeyfingu. Í sjúkraskrá er einungis viðtal skráð í öllum tilvikum. Vitnið UU kveðst hafa farið með dóttur sína, VV,, til ákærða á hverjum degi í hálfan mánuð í september 1987 til eyrnaskoðunar í framhaldi af aðgerð í Reykjavík. Kveður vitnið, að í þessi skipti hafi verið skolað úr eyrum dóttur sinnar og húðin stundum skoðuð, en aldrei hafi verið tekið þvag til ræktunar úr stúlkunni, skorið í ígerð á henni eða hún verið staðdeyfd. Kveður vitnið ákærða reyndar aldrei hafa unnið þau læknisverk, sem á samskiptaseðlum greinir, vegna nefndrar dóttur vitnisins.

42. Samskiptaseðill í þessu tilviki sýnir viðtal, minni háttar staðdeyfingu og að minni háttar sár hafi verið saumuð. Í sjúkraskrá er skráð viðtal, en ekki annað. Vitnið XX kveður, að greint sinn hafi dóttir sín, YY,, dottið aftur fyrir sig á stein í skólanum og fengið smáskurð á höfuðið. Kveður vitnið yfirkennarann hafa farið með stúlkuna á heilsugæslustöðina. Hafi vitnið komið þar í þann mund, að verið var að fara með stúlkuna inn á læknastofu til ákærða. Hafi ákærði haft tilburði í þá átt að raka hárið í kringum skurðinn, en þá hafi stúlkan ókyrrst mjög og ákærði þá sagt henni, að hann yrði að deyfa hana og sauma, ef hún yrði ekki þæg. Við þetta hafi hún tekið þann kost að leyfa ákærða að raka sig og ákærði gert það og lokað sárinu með sérstökum plástri til að klemma saman sár. Er vitnið alveg visst um, að ákærði hafi hvorki deyft stúlkuna né saumað sárið greint sinn.

Niðurstaða.

Sannað er í eftirtöldum ákæruliðum gegn framburði ákærða með afdráttarlausum framburði vitna, sem fær stoð í misræmi milli færslna læknis-

verka á samskiptaseðla og í sjúkraskrár, að hann hefur í janúar og september árið 1987 sem opinber starfsmaður með röngum og tilbúnum reikningum hagnýtt sér ranga hugmynd starfsmanna sjúkrasamlags Ólafsvíkur og sýslusamlags Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um, að reikningar ákærða væru réttir, og þannig svikið út fé sem hér segir:

<i>Ákæruliður</i> <i>nr.</i>	<i>Dagsetning</i> <i>samskiptaseðils</i>	<i>Gjaldskrá</i>	<i>Fjárhæð</i>
1.	19.1	204, 301	309,00
3.	9.1	203, 301	309,75
	13.1	203, 301	309,75
	30.1	203, 301	309,75
5.	20.1	410, 411, 412	392,35
6.	6.1	203, 301	309,75
7.	9.1	204, 301	309,75
8.	21.1	203, 301	309,75
9.	9.1	203, 301	309,75
10.	8.1	401, 402, 403, 407, 432	702,10
	20.1	401, 402, 403, 407, 432	702,10
11.	11.1	104, 204, 301	722,75
12.	10.1	104, 204, 301, RTG 3	1.157,75
13.	10.1	104, 204, 301	722,75
15.	20.1	104, 204, 301	722,75
	21.1	211	371,70
16.	23.1	203, 301	309,75
17.	9.1	401, 402, 403, 407	
		410, 411, 412, 432	929,25
18.	9.1	401, 402, 403, 407	
		410, 411, 412	805,35
19.	10.1	209, 301	454,30
20.	10.1	104, 204, 301, RTG 3	1.157,75
21.	11.1	103, 104, 211, 302, RTG 3	1.635,35
22.	5.9	301, 273	357,00
23.	20.9	105, 301, 272	871,50
24.	7.9	273, 301	357,00
25.	3.9	153, 401, 402, 404,	
		405, 410, 421	546,00
26.	7.9	401, 402, 404, 405	336,00
28.	25.9	103, 410, 421	210,00
29.	23.9	301, 243	126,00
29.A	9.9	401, 402, 404, 405	336,00

1387

	23.9	273, 301	357,00
30.	11.9	401, 402, 404, 405	336,00
	17.9	273, 301	357,00
31.	7.9	105, 272, 301	871,50
32.	1.9	105, 272, 301	871,50
33.	5.9	273, 301	357,00
34.	11.9	273, 301	357,00
	21.9	273, 301	357,00
	29.9	273, 301	357,00
35.	22.9	278, RTG 3	1.061,00
37.	19.9	283, 304, RTG 3	2.153,00
	22.9	RTG 3	641,00
38.	23.9	103, 410, 421	514,50
39.	24.9	401, 402, 404, 405	336,00
40.	1.9	401, 402, 404, 405	
		RTG 6	1.571,00
41.	4.9	410, 421	210,00
	5.9	273	231,00
	5.9	103, 273	535,50
	8.9	273, 301	357,00
42.	22.9	272, 301	357,00

Samtals kr. 28.591,25

Með hliðsjón af framburði vitna ber að sýkna ákærða að hluta til af eftirtöldum ákæruliðum:

<i>Ákæruliður</i>	<i>Dagsetning</i>	<i>Gjaldskrá</i>	<i>Fjárhæð</i>
<i>nr.</i>	<i>samskiptaseðils</i>		
19.	10.1	104	413,00
22.	5.9	105	514,50
24.	8.9	RTG 6	876,00
26.	7.9	245	210,00
30.	11.9	294	210,00
37.	22.9	103	304,50

Sýkna ber ákærða að öllu leyti af eftirtöldum ákæruliðum:

2. Samkvæmt framburði vitnisins Adolfs Steinssonar framkvæmdi ákærði ýmis önnur læknisverk, sem ekki er krafist greiðslu fyrir samkvæmt samskiptaseðli. Er ósannað, að ákærði hafi orðið sér úti um meiri greiðslu með reikningsgerð samkvæmt samskiptaseðli þessum en honum hefði ella borið fyrir þau læknisverk, sem vitnið kveður hann hafa unnið.

4. Ákærði er sýknaður af þessum ákærulið með tilliti til óglöggs framburðar vitnisins Björns Erlings Jónssonar.

14. Með tilliti til þeirra læknisverka, sem vitnið Jóhannes Matthías Guðjónsson segir ákærða hafa unnið fyrir sig umrætt sinn, verður eigi talið sannað, að hann hafi með reikningsgerð sinni haft meiri ávinning með henni en honum hefði ella borið fyrir þau læknisverk, sem vitnið kveður hann hafa unnið.

27. Vitnið Elín Björk Guðmundsdóttir kveður ákærða hafa unnið þau verk, sem á samskiptaseðli greinir, og man ekki, hvort það kallaði ákærða út vegna þeirra eður ei. Er ákærði sýknaður af ákærulið þessum með vísan til framburðar vitnisins.

36. Vitnið Magnús Þórarinn Guðmundsson lést, áður en dómsmeðferð máls þessa hófst. Þykir verða að sýkna ákærða af ákærulið þessum, þar sem hann kveðst hafa unnið þau læknisverk, sem í ákæru greinir, og ekki hefur verið unnt að staðreyna framburð ofangreinds vitnis fyrir dómi.

Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærði hefur svikið út 28.591,25 krónur hjá sjúkrasamlagi Ólafsvíkur og sýslusamlagi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu í janúar og september árið 1987. Telst þessi háttsemi ákærða varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 138. gr. sömu laga.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, sem er sakhæfur, var hann dæmdur fyrir umferðarlagabrot árið 1983, en hefur eigi sætt annarri refsingu.

Refsing.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi 4 mánuði. Með hliðsjón af því, að ákærði hefur eigi fyrr sætt neinni refsingu að frátöldum dóminum frá 1983, þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Skaðabætur.

Eigi hafa verið hafðar uppi bótakröfur í máli þessu.

Sakarkostnaður.

Með vísan til 2. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974, um meðferð opinberra mála þykir rétt að dæma ákærða til greiðslu 2/3 hluta alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 150.000 krónur, og saksóknarlaun, er renni í ríkissjóð og þykja hæfileg 110.000 krónur, en ríkissjóð að 1/3.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Kristófer Þorleifsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum 3 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði sakarkostnað að 2/3 hlutum, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 150.000 krónur, og saksóknarlaun, 110.000 krónur, er renni í ríkissjóð, en ríkissjóður að 1/3 hluta.
